



Brú lífeyrissjóður brú til nýrra tíma

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga skipti um nafn, útlit og heimasíðu á miðju sumri og heitir nú Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Var breytingin kynnt á ársfundi sjóðsins þann 23. júní sl. um leið og breyttar samþykktir voru kynntar.

Ákveðið var, í kjölfar stefnumótunarvinnu hjá stjórn og starfsmönnum sjóðsins, að finna nýtt og þjálfa heiti fyrir sjóðinn um leið og útlit hans og heimasíða voru færð í nútímalegri búning. Brú er lýsandi heiti fyrir lífeyrissjóð sem hefur það hlutverk að tryggja örugga afkomu og léttu leiðina milli æviskeiða. Brúin í merkinu endurspeglar þessa tengingu æviskeiðanna, en litirnir lýsa lífsgleði og hinum fjölbreyttu verkefnum sem sjóðfélagar sinna í samfélaginu. Þá þótti Brú lífeyrissjóður sérstaklega gott heiti fyrir sjóð sem er ætlaður starfsmönnum sveitarfélaga um allt land og minnir á þær fjölmörgu brýr sem tengja sveitarfélögin hvort sem átt er við samgöngur eða samstarf þeirra á milli.

lifbru.is – nýr vefur og umsóknargátt

Hönnuð var ný vefsíða og lénið www.lifbru.is tekið í notkun. Áhersla var lögð á að vefurinn væri upplýsandi og þægilegur í notkun. Tekið er stórt skref í rafrænni þjónustu við sjóðfélaga en á vefnum er nú sérstök



umsóknargátt með öllum umsóknareyðublöðum. Þar er einnig hægt að fylgjast með framvindu mála. Þannig veitum við sjóðfélögum okkar betri og skilvirkari þjónustu. Sjóðfélagar geta einnig sent inn ábendingar og athugasemdir á vefnum.



Auglýsingastofan Hvíta húsið vann með stjórn og starfsmönnum sjóðsins að breytingu á nafni og nýju útliti. Stefna sá um uppsetningu vefsins og OneSystems sá um uppsetningu á umsóknarsíðu fyrir sjóðfélaga.

Starfslokánámskeið

Brú lífeyrissjóður heldur námskeið fyrir sjóðfélaga um lífeyrisréttindi við starfslok.

Þar verður farið yfir hvar helstu upplýsingar um réttindi sjóðfélaga er að finna ásamt því að svara helstu spurningum um lífeyrismál. Takmarkaður fjöldi sæta eru á hvert námskeið en við leitumst við að bæta við námskeiðum fari skrásetning fram úr áætluðum sætafjölda.

Námskeiðsdagar:

Mánud. 21. nóv. 2016
Miðvikud. 18. jan. 2017
Miðvikud. 15. feb. 2017
Miðvikud. 15. mars 2017

Tímasetningar:

Starfslok úr B-deild: kl. 16.30
Starfslok úr A-deild: 17.30
Starfslok úr V-deild: 18.30

Nánari upplýsingar um námskeiðin er hægt finna á heimasíðunni lifbru.is og þar geta sjóðfélagar skráð sig á námskeiðin.



Kæri sjóðfélagi

Það er okkur mikil ánægja að senda út nú í fyrsta skipti fréttabréf í nafni Brúar lífeyrissjóðs. Sjóðurinn skipti um nafn um mitt síðasta sumar, en hann hét áður Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Þessi breyting er hluti af stefnu-mótunaryrvinu sem hefur verið í gangi hjá sjóðnum allt frá árinu 2013. Ákveðið var að leggja ríkari áherslu á betri þjónustu við sjóðfélaga með betri upplýsingagjöf í þeirri von um að auka vitund um lífeyrisréttindi. Samhliða nafnbreytingunni var opnaður nýr vefur, lifbru.is, með aðgengilegum upplýsingum um réttindi sjóðfélaga og ný umsóknargátt þar sem sjóðfélagar geta sótt um rafrænt og fylgst með ferli umsókna sinna. Þá er í bígerð að auka fræðslu fyrir sjóðfélaga og í októbermánuði var nýr lánakostur kynntur.

Í sumar fór fram tekjuathugun hjá örorkulífeyrisþegum sjóðsins. Óskað var eftir tekjuupplýsingum ársins 2015 og í framhaldinu var kannað hvort að breytingar á tekjum hefðu áhrif á lífeyrisgreiðslur.

Þá standa yfir viðræður við Eftirlaunasjóð Reykjanesbæjar um að hann sameinist B-deild sjóðsins. Sameining felur í sér að eignasöfn eru sameinuð en skuldbindingum hvers réttindasafns og launagreiðenda haldið aðgreindum. Réttindi sjóðfélaga haldast óbreytt.

Brú lífeyrissjóður leggur áherslu á að þróa og innleiða nýjungar í þjónustu sjóðfélaga og í því skyni er mikilvægt að hlustað sé eftir réttmætri gagnrýni og ábendingum um þjónustu sjóðsins. Við hvetjum sjóðfélaga að nýta sér nýja vefinn, lifbru.is og koma ábendingum og athugasemdum á framfæri.

Vertu velkomin(n) á skrifstofu sjóðsins að Sigtúni 42 í Reykjavík. Þú getur líka haft samband við okkur í síma **5 400 700** eða sent tölvupóst lifbru@lifbru.is. Fyrirspurnir vegna réttinda- og lífeyrismála er best að senda á lífeyris-deildina okkar á netfangið lifeyrir@lifbru.is, en fyrirspurnir varðandi sjóðfélagalán á netfangið lanamal@lifbru.is.

Gerður Guðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs

Óverðtryggð lán nýr valkostur

Brú lífeyrissjóður býður nú sjóðfélögum sínum óverðtryggð íbúðarlán, nú með 6,44% breytilegum vöxtum. Sjóðurinn kemur þannig til móts við eftirspurn eftir óverðtryggðum lánnum meðal sjóðfélaga, en fyrir hefur sjóðurinn eingöngu veitt lán á föstum verðtryggðum vöxtum sem nú eru 3,7%.

Lánin eru veitt gegn veði í íbúðarhúsnæði:

- Hámarkslánveiting er nú 50.000.000 kr.
- Hámarksveðhlutfall hækkar í allt að 75%
- Lántökugjald lækkar úr 1% í 0,5%
- Ekkert lántökugjald er innheimt við endurfjármögnum á lánnum frá sjóðnum eldri en 12 mánaða
- Ekkert uppgreiðslugjald er innheimt
- Skilyrði fyrir lánveitingu umfram 65% veðhlutfall er 1. veðréttur og takmarkast við 35 ára lánstíma.

Vextir óverðtryggðu lánanna verða fastir fyrstu 36 mánuðina. Eftir það verða vextir endurskoðaðir á hálfis árs fresti og geta þá tekið breytingum. Lántakendur geta sótt um að festa vexti aftur að fastvaxtatímabili loknu.

Þessir lánakostir bjóðast öllum þeim sem hafa einhvern tímann greitt iðgjöld til sjóðsins, starfsmönnum sveitarfélaga, sem og sjóðfélögum í Lífeyrissjóði starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóði starfsmanna Kópavogsbæjar.

Sjá nánar á lifbru.is



Breytingar á samþykktum

Á ársfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga þann 23. júní sl. voru kynntar breytingar á samþykktum sjóðsins. Ákveðið var að fara í allsherjarendurskoðun á samþykktum sjóðsins um leið og ákveðið var að breyta nafni sjóðsins.

Samþykktirnar voru yfirfarnar af aðildarfélögum sjóðsins, BHM, BSRB, KÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga og yfirfarnar af Fjármálaeftirlitinu og staðfestar að lokum af fjármálaráðuneytinu þann 16. júní sl.

Á lífbru.is er hægt að finna minnisblað um breytingarnar.

Hækkun mótframlags launagreiðenda í A-deild Brúar lífeyrissjóðs

Frá og með 1. janúar 2017 hækkar mótframlag launagreiðenda vegna lífeyrisiðgjalda launþega sem greiða í A-deild Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga úr 12% í 16,8%. Lífeyrisiðgjöld nema þá samtals 20,8% af heildarlaunum starfsmanna.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2015 sýndi að í A-deild Brúar lífeyrissjóðs voru skuldbindingar umfram eignir um 9,8%. Samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (39. gr l. 127/1997) ber stjórn að grípa til aðgerða ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfellt í fimm ár. Bráðabirgðaákvæði VI með lögum nr. 129/1997 um tímabundna undanþágu frá tryggingafræðilegu jafnvægi rann út 31. desember 2015.

Lífeyrisréttindi þín

Lífeyrisréttindi eru verðmæt trygging sem þú ættir að kynna þér vandlega. Þú getur skoðað stöðu þína á meðfylgjandi yfirliti sem sent er til þín tvisvar á ári. Þú getur einnig skoðað réttindi þín á lífbru.is eða í [Lífeyrisgáttinni](http://lífeyrisgáttinni), lífeyrisgáttin.is.

Þú getur athugað hvort lögbundnar iðgjaldagreiðslur hafi skilað sér til sjóðsins með því að bera yfirlitið saman við launaseðla.



Samkvæmt gr. 8.1 í samþykktum sjóðsins skal ákvörðun stjórnar um hækkun framlags launagreiðenda liggja fyrir eigi síðar en 1. október fyrir komandi almanaksár. Stjórn sjóðsins samþykkti á fundi sínum 30. september að hækka mótframlag launagreiðenda sem greiða í A-deild sjóðsins úr 12% í 16,8%. Samþykktin er bundin þeim fyrirvara að forsendur að baki tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins breytist ekki fram að áramótum, svo sem vegna áhrifa samkomulags Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna sem undirritað var 19. september sl.

Ef þú sérd misræmi þar á milli skalt þú hafa strax samband við lífeyrissjóðinn.

Á sjóðfélagavefnum getur þú séð stöðuna á iðgjaldaskilum launagreiðenda og réttindaávinnslu. Í Lífeyrisgáttinni getur þú séð réttindi þín í þeim lífeyrissjóðum sem þú hefur einhvern tímann átt aðild að.



Hagstæðir **LÁNAKOSTIR** í boði

BRÚ LÍFEYRISSJÓÐUR starfsmanna sveitarfélaga býður sjóðfélögum sínum upp á tvo kosti:

Óverðtryggð lán, nú með 6,44% breytilegum vöxtum
Verðtryggð lán með 3,7% vöxtum

- Fasteignaveðlán, allt að **50 milljónir** með **75%** hámarksveðhlutfalli*
- Aðeins 0,5% lántökugjald
- Ekkert lántökugjald við endurfjármögnun á lánum frá sjóðnum **
- Ekkert uppgreiðslugjald

Hvernig lán hentar þér best?
Skoðuðu lánareiknivélina á www.lifbru.is

Sjóðfélagar eru þeir sem hafa greitt löggjöld í Brú lífeyrissjóð starfsmanna sveitarfélaga. Lífeyrissjóð starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóð starfsmanna Kópavogsbæjar.

*Skilyrði fyrir lánveitingu umfram 65% veðhlutfall er 1. veðréttur og takmarkast við 35 ára lánstíma.

**Skilyrði að lán séu eldri en 12 mánaða.